

Ritdómur

Brynjólfur Sveinsson: Ævisaga
eftir Torfa K. Stefánsson Hjaltalín,
Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2025, 329 bls.

Dr. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín er afkastamikill á ritvellingum í kirkjusagnfræði. Frá honum hafa komið fjölmargar bækur en fyrir jólin 2025 kom út ný bók frá höfundinum: *Brynjólfur Sveinsson: Ævisaga*. Bók Torfa um Brynjólf biskup er með svipuðu sniði og bók hans um séra Hallgrím Pétursson sem kom út árið 2024, þó að Brynjólfsbókin sé minni að vöxtum en bókin um Passíusálmaskáldið. Auk formála skiptist bókin í fjóra meginkafla: Brynjólfur biskup, Biskup og jarðakaup hans, Dómkirkjan, galdramál, vísitasíur og persónulegir hagir biskups og Lokaorð. Fyrstu þrjú kaflarnir hafa svo á að skipa fjölmörgum undirköflum. Efni bókarinnar er brotið niður í nákvæmt efnisyfirlit (bls. 5–6) sem er greinargóður stuðningur fyrir lesendur. Í kjölfar lokaorða bókarinnar kemur viðamikil heimildaskrá og myndaskrá. Þá er að finna nafnaskrá (tvískipta) og staðarnafnaskrá.

Í inngangsorðum rekur höfundur það sem hann hyggst taka fyrir í bókinni og kemur þar fram kjarninn í verkinu. Af þeim er ljóst að um er að ræða nokkurs konar heildarúttekt á ævi og samtíma Brynjólfs biskups Sveinssonar. Bókin er rituð í flæðistíl, ef svo má segja, stíl sem flæðir um allt og vill taka á öllu er snertir allt er tengist sögupersónunni og getur því á stundum virkað dálítið óskipulagður og farið með lesandann í ýmsa óvænta útúrdúra. Öllu á að halda til haga, sem er gott út af fyrir sig, en fyrir vikið getur reynt á þolrif lesandans þegar farið er um svo víðan völl. Í því sem á eftir fer verður drepíð á nokkra þætti í bók dr. Torfa sem standa upp úr eftir lestur og lagt á þá mat.

Það er ágætur þáttur í sögu dr. Torfa þegar hann bregður sér í ferð með lesanda í nokkurs konar samtíðarskoðun á staðháttum sögupersóna sinna. Þó að slík skoðun án margra mynda kunní að virðast bragðdauf í fyrstu þá er svo alls ekki þegar lengra er haldið. Þar kemur sér vel pennalipurð höfundar. Hann segir vel frá og frásögnin rennur vel og ekki truflar svo sem þó að hún sé í sumum dráttum fullnákvæm. Lesandi fer um Skálholtsskóla í tíð Brynjólfs, sömuleiðis Hafnarháskóla árið 1624 en í vettvangsferð höfundar þangað vikur hann að námsafrekum Brynjólfs og áhrifavöldum í lífi hans (bls. 26–27). Í tengslum við þessa áhrifavalda Brynjólfs stígur Jakob nokkur Arminius fram og segir höfundur að skoðanir hans hafi haft áhrif á *úнитарabreyfinguna* og fulltrúi hennar hér á landi hafi verið sr. Matthías Jochumsson. Síðar hefði *arminianisminn* haft áhrif á dr. Gunnar Kristjánsson, fyrrum prófast á Reynivöllum (bls.

28), án þess að það sé með nokkrum hætti rökstutt hvað hann áhrærir. Verður ekki annað sagt en að þetta sé óvenjulegur dilkadráttur.

Höfundur leiðir lesandann um Skálholtsstað sem beið biskupsins nýja, meistara Brynjólfs. Þar má sjá hvílíkt fyrirtæki staðurinn var, átti 300 jarðir. Húsakosti er lýst og ýmsu er honum tengist, eins og skólanum. Ásigkomulag húsakynna í Skálholti var býsna misjafnt og kvartaði Brynjólfur undan því og svo var að hann taldi sig ekki geta tekið á móti danska yfirvaldinu (bls. 48–49). Höfundur telur reyndar að biskup hafi líklegast ekki viljað danska valdið (fógetann) í heimsókn, án þess þó að rökstyðja það. Höfundur nefnir líka aðra ástæðu til að skýra málið, sem er reyndar afar ósennileg og þegar öllu er á botninn hvolfst ekki vel ígrunduð.

Höfundur nefnir nefnilega sem skýringu í þessu samhengi að Skálholtsbiskupinn, Hannes Finnsson, hafi skrifað bréf árið 1778 og lýst húsakynnum biskupsins í Skálholti sem algerlega óviðunandi. Það er þó *heilli öld* eftir að meistari Brynjólfur gekk þar um garða og er fráleitt traust heimild um ástand húsakostsins í tíð hans — enda þótt ætla hafi mátt að ástand húsakynna í tíð Brynjólfs hafi verið „skárra“ (bls. 50) en síðar varð. Biskupsbústaðurinn var „greni“ árið 1778 en hvernig var hann hundrað árum fyrr? Höfundur fullyrðir í neðanmálsgrein á bls. 49 að eitthvað „annarlegt“ hafi legið þarna að baki orðum Hannesar og nefnir að hann hafi reyndar þegar verið farinn að leitast við að fá biskupsstólinn fluttan til Reykjavíkur áður en Suðurlandsjarðskjálftinn reið yfir 1784. Jarðskjálftinn hafi verið notaður sem „tylliástæða til að flytja stólinn og skólann til Reykjavíkur“ (bls. 49). Hannes hafi síðar falast eftir Skálholtsjörðinni fyrir sjálfan sig og fengið hana en samkvæmt dr. Torfa „gat [Hannes] vel hugsað sér að búa í Skálholti“ (bls. 49).

Embættisstörf biskups eru rakin í stærstu dráttum. Þar er getið um margvíslega tilsjón með kirkjum í biskupsdæminu, fylgja þurfti eftir fyrirskipunum danskra stjórnvalda um kirkjumál og koma á fót prestastefnu á Þingvöllum. Nefnt er að prestar hafi smám saman farið að sækja stefnuna vel enda hafi biskup veitt ríflega. Þá þurfti að vísitera kirkjurnar 221 í landinu og skrá eignir þeirra og ástand. Skólamálin voru einnig á könnu biskups en þar var í býsna mörg horn að líta. Stofnun holdsveikraspítala í tíð Brynjólfs biskups var mikið framfaraskref en konungsbréf kvað á um að einn spítali skyldi vera í hverjum landsfjórðungi og áttu biskuparnir og lögmennirnir að hafa umsjón með þeim. Spítalarnir voru líka einhvers konar fátæklingastofnanir en Brynjólfur taldi óráðlegt að blanda fátæku fólki saman við sjúklinga — til dæmis vegna smit-hættu (bls. 65). Fjárskortur hamlaði mjög starfsemi spítalanna og þá bar á deilum um hvernig bæri að nota arð af kristsfjárjörðum. Rekstrarformið var hagstætt þeim sem tóku að sér að reka spítalana.

Málefni spítalanna tengjast umfjöllun höfundar um samfélagslegt ástand á Íslandi og stéttapólitík, ef svo má að orði komast. Höfundur setur fram þá skoðun að rekstur spítalanna hafi fyrst og fremst lognast út af vegna þess að hinir „ríku og valdamiklu“ (bls. 74) vildu ekki greiða gjald til þeirra frekar en „almúginn“, sem var og tregur til. Orðið „almúginn“ hefur höfundur í gæsalöppum án þess að skýra það frekar. Þá var Brynjólfur andvígur því að landeigendur greiddu tíund en Skálholt var annar tveggja stærstu landeigenda

Íslands, og hefur biskup því gætt hagsmuna síns stiftis. Höfundur segir að fógetinn, Tómas Nikulásson, hafi „mjög líklega“ fallið í gryfju óvinsælda vegna þess að hann vildi láta „hina ríku borga sitt“ (bls. 74). Illt umtal um fógetann megi rekja til þessara skattheimtutílauna hans og þeir sem skrá söguna, sagnaritararnir, voru flestir af eðalættum og tilheyrðu „yfirstéttinni“ (bls. 79) og hafi þetta rætna umtal náð fram á tuttugustu öldina þar sem haft er eftir Jóni Helgasoni prófessor í Kaupmannahöfn að Tómas Nikulásson hafi verið „siðlaus hrotti“ (bls. 79). Það er sem sé mat höfundar að íslenska höfðingjavaldið hafi verið Þrándur í Götu þeirra sem vildu umbætur vegna mótstöðu þess við skattheimtu á hina efnameiri og hafi höfðingjunum ekki sést fyrir í því efni. Hlutur Brynjólfs biskups í þeirri sögu er, eftir því sem höfundur segir, ekki fagur (bls. 10).

Það er skemmtileg iðja að renna eftir bóarkjölum í annarra manna húsum til að geta sér til um áhugamál og smekk. Ekki má þó draga of víðtækar ályktanir um skoðanir eiganda bókana út frá því sem er að finna í bóka-skápnum. Höfundur rýnir í bókaveg Brynjólfs og segir áhugamál hans hafa verið margvísleg og beri merki „einskonar dulhyggju“ (bls. 29). Eins les hann úr bókakosti Brynjólfs að hann hafi ekki verið eins „rétttrúaður og tíðarandinn krafðist af lútherskum biskupi“ (bls. 32–33). Það er varla traust heimild. Meginniðurstaða höfundar um mennta- og áhugasvið biskupsins er síðan að hann hafi verið *frjálfræðingur* (bls. 344) og er því engin furða að í bóka-skáp hans hafi kennt margra grasa. Þá er einnig vikið að álitamáli um meintar „kaþólskar tilhneigingar“ biskupsins sem reglulega hafa verið gerðar að umfjöllunarefni. Höfundur virðist leggja upp með það að biskupinn hafi verið veikur fyrir kaþólskunni en síðar í bókinni virðist niðurstaðan hins vegar sú að svo hafi ekki verið í ljósi þess hvernig samtími hans var. Hann var fæddur hálfri öld eftir að siðaskiptin fóru fram og telur dr. Torfi að skilin milli lúthersku og kaþólsku hafi verið dálítið fljótandi á ævitíma hans og kann margt að vera rétt í því þótt órannsakað sé.

Lesandi er leiddur um Kaupmannahöfn á tíma Brynjólfs og um Hróarskeldu. Þegar Brynjólfur var starfandi í Hróarskeldu fóru fram viðgerðir á dómkirkjunni þar. Sjálfur átti Brynjólfur eftir að standa fyrir kirkjubyggingu í Skálholti. Höfundur telur að ekki sé auðvelt að fullyrða „á hvern hátt“ framkvæmdir við kirkjuna hafi haft áhrif á hann og það sem beið hans síðar heima — höfundur nefnir „áhrifin á vinnulagið“ við bygginguna en ekki er vel ljóst hvað hann á við (bls. 41). Í inngangi fullyrðir höfundur þó að Hróarskeldudómkirkja hafi haft mikil „áhrif á Brynjólfskirkju í Skálholti“ (bls. 9) án þess að það sé útskýrt frekar í hverju þau áhrif fólust en bætir þó við, að því er virðist vera öndverð skoðun á bls. 40, að dómkirkjubyggingin í Hróarskeldu hafi *ekki* haft „mikil áhrif á byggingarstíl Brynjólfskirkju“. Þetta er að minnsta kosti nokkuð óljóst.

Í sjálfu sér er alltaf fengur að því þegar höfundar sem kafað hafa djúpt í sögu einstakra manna reyna að grafast fyrir um persónuleika þeirra en það er þó að sumu leyti háll ís. Það er ætíð svo að alls konar sögur verða til í kringum aðsópsmiklar persónur í sögunni og eru sumar uppspuni enda þótt aðrar geymi ýmis sannleikskorn. Enn aðrar eru settar fram til að upphefja viðkomandi persónur og vekja virðingu fyrir þeim. En margt getur stangast á í söguflaumi

tímans. Höfundur vitnar til lýsingar á daglegu lífi biskups sem höfð er eftir séra Torfa Jónssyni (1617–1689), ævisöguritarara hans (bls. 302). Þar kemur fram að ekki hafi nú biskupinn verið matvandur heldur hafi hann haldið sig „lengstum við hreinlega, almennilega, kristilega fæðu eftir góðri og gamalli landsins vísu“ (bls. 302) og í klæðaburði verið „mjög spar og hófsamur“ (bls. 302) svo að menn í hans innsta hring ræddu það við hann einslega. Höfundur túlkar þessa lýsingu nafna síns sem „meinlætastefnu“ (bls. 302). Það fer biskupum vel, að flestra manna mati, að þeir séu lítillátir í anda lausnarans en það er nú ekki öllum gefið alltaf, eins og fram kemur í lífi Brynjólfs. Árbækur Espólíns og Biskupasögur Jóns Halldórssonar í Hítardal eru heimildir höfundar um rögg-samar prédikanir Brynjólfs og bænæræki, tíðasöng, stjórnsemi hans og höfðinglegar veislur (bls. 303). Biskupar standa, sem aðrir, í stormi líðandi stundar og hafa margt við veröldina að athuga og minnir höfundur á að Brynjólfur hafi verið „harla gagnrýninn á tíðarandann, prestana og á samfélagið almennt“ (bls. 306). Landar hans séu „bakmálgir og óheilir“ (bls. 307) og sá tími sem stendur yfir sé „kjassmælisöld“ (bls. 310). Samfélagið einkennist af „valdniðslu, ofbeldi og ránum“ (bls. 311). Höfundur segir að Brynjólfur hafi iðulega tekið „málstað hinna fátæku“ (bls. 312) og stutt þá til náms (bls. 303) en nefnir líka dæmi um hörku hans gagnvart leiguliðum stólsjarðanna (bls. 312). Eins hafi gagnrýni biskups á „hroka og mikilmennsku“ verið einlæg og hluti af „lífsskoðun“ hans (bls. 313) en hún átti sér rætur í guðfræði sem leið ekki slíka gikkslega framkomu. Sömuleiðis segir höfundur gagnrýni biskups á auðsöfnun hafa verið mótsagnakennda vegna stöðugra einkafjárfestinga hans í jörðum (bls. 313). Biskup var sennilega ekki, að mati höfundar, alltaf „samkvæmur sjálfum sér“ (bls. 315).

Í bókarlok er fjallað um heimilishagi Brynjólfs biskups. Sjö voru börn þeirra hjóna og tvö lifðu, Ragnheiður og Halldór. Mál dótturinnar, Ragnheiðar, og séra Daða Halldórssonar ber hæst í fjölskyldusögu Brynjólfs og eiður sá sem hún flutti fyrir kórðrym í Skálholti þess efnis að hún væri óspjölluð á þeirri stundu. Þetta var *mala domestica*, heimilisbölið í Skálholti, þegar biskupsdóttirin varð ófrísk og barnsfaðirinn var heimiliskennari hennar, séra Daði. Var eiður hennar rangur eða kom barnið undir síðar? Barnsfaðirinn Daði og fjölskylda hans þurftu að greiða bætur sem biskupinn nýtti til að stofna prestssetur að Ási í Fellum (bls. 325). Höfundur hafnar þeim orðrómi að bótamálið á hendur Daða hafi sýnt fégirnd biskups (bls. 324–325). Saga Ragnheiðar er svo rakin frekar með því að leita í skrif og rannsóknir Guðmundar Kamban (bls. 326nn).

Ævisaga Brynjólfs Sveinssonar er viðamikil bók þar sem höfundur reynir að átta sig á söguhetju sinni og samtíma hennar. Lesandinn er leiddur um ýmsar slóðir þar sem hann getur séð meistara Brynjólf fyrir sér og velt vöngum með höfundi um starf biskupsins og framgöngu hans. Það er fengur að fá lýsingar á helstu mennta- og menningarstöðvum þessa tíma, eins og Hróarskeldu, Kaupmannahöfn og Skálholti, og það veitir lesendum góða innsýn í líf sautjándu aldar manna. Brynjólfur hefur ætíð verið mikils metinn í sögu Íslands enda var hann áhrifamaður sem biskup í 35 ár. Handritasöfnun hans var mikilvæg menningarstarfsemi og annað er hana snerti. Brynjólfur kemur fyrir í þessari sögu sem þrúður maður, kannski ögn litlaus, eins og sagt er; maður sem

þarf oft að taka á þversögnum í lífi sínu, eins og flestir þurfa að gera. Heimilisbólið fræga hefur á vissan hátt haldið uppi nafni hans enda hefur ástarbrími Ragnheiðar og Daða orðið mörgum listamönnum að yrkisefni. Þrátt fyrir vafamál og annmarka sem nefndir hafa verið hér að ofan er hér að öllu virtu um að ræða skemmtilega bók aflestrar og afar fróðlega. Hafi höfundur þakkir fyrir að leggja sig eftir rannsóknum á þessu tímabili íslenskrar kirkjusögu.